

Nd.

431. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, er borið fram í þeim tilgangi að ljetta gjöldum af rikissjóði, enda verður því ekki neitað, að útgjöld rikissjóðs til berklavarna eru nú þegar orðin mikil, og má jafnvel búast við, að þau fari vaxandi fyrst um sinn. Hinsvegar er á það að líta, að nái berklavarnalögin tilgangi sínum, svo að til muna dragi úr berklaveikinni í landinu vegna þeirra, þá mundi þó vera tilvinnandi að bera þær byrðar, er lögin leggja þjóðinni á herðar. Lög þessi eru nýkomin til framkvæmda og því enn ekki hægt að segja, hvert gagn má af þeim verða, og virðist því þegar af þeirri ástæðu ekki rjett að breyta þeim í verulegum atriðum.

Eftir frumvarpi því, er hjer liggur fyrir, á framlag af opinberu fje samkvæmt 14. gr. laganna einungis að greiðast vegna sjúklinga með smitandi berkla. Þessa breytingu verður nefndin að telja mjög varhugaverða. Eftir því sem merkir læknar segja, getur berklaveiki, sem ekki er talin smitandi, breyst þannig, að hún verði smitandi fyrir en varir. Mundi því þetta ákvæði í mörgum tilfellum einungis verða til þess, að því yrði frestað, að sjúklingurinn kæmist undir læknishendur í tíma, en mundi seinna komast á opinbert framfæri, annaðhvort samkvæmt berklavarnalögunum eða þá samkv. 77. gr. fátækralaganna. Mundi því sparnaður ríkissjóðs af þessu oftast verða litill.

Þá getur nefndin ekki heldur fallist á, að rjett sje að færa útgjöldin til berklavarna yfir á sveitarfjelögin meira en nú er. Sýslusjóðsgjöld hreppanna hafa víða stórum aukist vegna berklavarnanna, svo að ekki mun fært að íþyngja sveitarfjelögunum meira í þessu efni. Auk þess mundi þetta koma mjög misjafnt niður á sveitarfjelögin, og er það ekki rjett, því útrýming berklaveikinnar er fyrst og fremst alment velferðarmál þjóðarinnar.

Nefndin getur fallist á, að sum ákvæði þessa frv. sjeu í sjálfu sjer rjettmæt, t. d. það, að sjúklingurinn sjálfur taki þátt í kostnaði við dvöl sína á heilsuhæli eða sjúkrahúsi, ef hann er fær um það efnalega. Einnig að meðlagskostnaður verði ekki greiddur lengur af opinberu fje en læknir stofnunar þeirrar, sem sjúklingurinn dvelur í, telur veru hans þar nauðsynlega vegna veikinnar. Enn fremur að sýslumaður votti á efnahagsskýrslu sjúklinga.

En þetta eru alt framkvæmdaratriði, sem nefndin fær ekki sjeð, að komi í bága við berklavarnalögin, og virðist því óþarft að breyta lögunum vegna þessara atriða. Samkvæmt berklavarnalögunum á sjúklingur að kosta sig sjálfur, ef hann bíður ekki mikið tjón á efnahag sínum við það, og jafnvel ef hann getur það án þess að verða öreigi. Þá ætti að vera hægt án lagabreytingar að koma í veg fyrir það, að menn dvelji í heilsuhælum og sjúkrahúsum á opinberu framfæri eftir að þeir eru orðnir heilbrigðir. Enn fremur mun stjórnarráðið geta leit að álits hlutaðeigandi sýslumanns áður en það úrskurðar, hvort sjúklingur sje styrkhæfur.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem enn er ekki komin full reynsla um framkvæmd berklavarnalaganna, en hinsvegar í lögunum ákvæði, sem gera ríkisstjórninni mögulegt að varna ágengni á ríkissjóð, þykir deildinni ekki ástæða til að breyta lögunum að svo stöddu, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 23. apríl 1924.

Jón Kjartansson,
form.

Bernh. Stefánsson,
frsm.

Jón Baldvinsson,
fundaskrifari.

Jörundur Brynjólfsson.

Magnús Jónsson.